

2. júní 2020

4. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps ásamt fulltrúum Lýðheilsu og æskulýðsnefndar, haldinn þann 2. júní í félagsheimilinu á Flúðum kl 18:00

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður Ungmannaráðs, Hjörný Karlsdóttir, Óskar Snorri Óskarsson, Guðrún Hulda Hauksdóttir, Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero, Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður Lýðheilsu og æskulýðsnefndar, Heimir Sigurðsson og Sigfríður Lárusdóttir. Una Bóel Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Heilsuvika

Farið var með kynningu fyrir Lýðheilsu og æskulýðsnefnd um fyrirhugaða heilsuviku sem halda á seinna í sumar. Mikið var rætt um heppilega tímasetningu. Talið var að vikan 17 – 22. júní myndi líklegasta vera heppilegasta tímasetningin til að hámarka þátttöku.

Lýðheilsu og æskulýðsnefnd kom með nokkrar hugmyndir varðandi heilsuvikuna. Þar á meðal um að hafa frítt í sund, fyrirlestrar um heilsusamlegt líf, semja við grænmetisbændur um að hafa afslátt á grænmeti, hafa mögulega kynningu á íþróttum frá íbúum sem eiga uppruna sinn að rekja til annarra landa. Forðast að hafa kynningu á MMA þar sem heppilegra væri að hafa ekki mjög umdeilda íþrótt á dagskrá og leggja áherslu á t.d. kynningu/kennslu á íslenskri glímu. Einnig var rætt um að hafa þrautir fyrir alla aldurshópa á laugardaginn.

Ungmennaráðið mun auglýsa sem allra fyrst nánar um hátíðina fyrir íbúa.

Fundi slitið kl. 19:00